



Matarstígur Helga magra, stjórnarfundur nr. 7, haldinn á Brúnum 6. ágúst 2020 kl. 19.30. Mætt voru: Hugrún, Helga Berglind, Kristín, Einar og Karl sem ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Fjárhagsstaða verkefnisins
2. Markaðs- og hönnunarmál
3. Framvinduskýrsla til Matarauðs Íslands
4. Bændamarkaðir – uppgjör og framkvæmd
5. Vistvæn dreifileið – framkvæmd og framhald
6. Bjórbruggun
7. Endurskoðun starfsáætlunar
8. Önnur mál

Afgreiðslur

1. Farið yfir fjárhagsáætlun. Allt á góðu róli, einhverjum verkefnum hefur þó seinkað. Innheimta þátttökugjalda gengur ágætlega.
 2. Farið yfir þau hönnunarverkefni sem eftir eru:
 - Bakgrunnar x3.
 - Flyer.
 - Ábending um að bæta hesti inn á bakgrunninn.
 - Nafnspjöld.

Stjórnin samþykkir að biðja með útgáfu bæklinga.

Gert var ráð fyrir að matarstígsþátttakendur yrðu sérstaklega merktir inn á kort sem var prentað í sumar en vegna mistaka var það ekki gert. Stjórnin leggur áherslu á að við næstu prentun verði þess gætt að matarstígsþátttakendur verði auðkenndir með merki matarstígsins.

Dráttur hefur orðið á að markaðsáætlunin líti dagsins ljós en eftir samskipti verkefnastjóra við Kapal liggur fyrir að það verði í næstu viku.
 3. Framvinduskýrsla til Matarauðs Íslands lögð fram. Búast má við næstu greiðslu þaðan 15. – 20. ágúst.
 4. Skýrslur bændamarkaða lagðar fram auk uppgjörs þeirra. Fyrir seinna Covid-19 hlé voru haldnir tveir markaðir. Sá fyrri 11. júlí í sól og góðu veðri en hinn seinni 25. júlí í norðan kalsaveðri og kulda. Þrátt fyrir það var meiri velta á seinni markaðnum. Þar kom skýrt fram að fólk var að koma gagngert á markaðinn til að versla tilteknar vörur. Framkvæmd seinni markaðsins var öllu betri en þess fyrri eftir smá hnökra þá. Óvíst er með framhald markaðanna á núverandi stað þar sem skólahald fer senn að hefjast í Hrafnagilsskóla. En fleiri markaðir verða haldnir og leitast við að halda þá á mismunandi stöðum fram á haustið. Heilt yfir ánægja með framkvæmd og viðtökur markaðanna.
 5. Minnisblað um framkvæmd og framhald Vistvænnar dreifileiðar lagt fram.
- Vistvæn dreifileið hefur nú verið keyrð í nokkrar vikur. Fyrirkomulagið er þannig að á miðvikudögum hafa kaupendur pantað beint af framleiðendum og á fimmtudögum hafa pantanirnar verið sóttar og komið til skila. Almenn ánægja er með framkvæmdina og viðtökurnar. Mikilvægt er að þróa verkefnið áfram og í ljósi þess samþykkir stjórnin að láta setja upp söluvefsíðu þar sem vörur framleiðenda úr Eyjafjarðarsveit verða boðnar til sölu og afhentar bæði innan sveitar og á Akureyri. Verkefnastjóra falið að taka málið áfram.



6. Verkefnastjóri skýrði frá fundi sem hann átti með hópi áhugabjórbruggara á Akureyri. Þeir eru komnir með leyfi og eru að fara að hefja sína starfsemi. Hafa mikinn áhuga á að sérframleiða bjór fyrir matarstígin og áætlað er að fyrsti bjórinn undir merki Helga magra geti litið dagsins ljós fyrir jólin. Veitingaaðilar innan matarstígsins þurfa að ákveða hvort þeir vilji bjórinn á kútum eða í flöskum.
7. Farið yfir starfsáætlun ársins í ljósi hertra samkomureglna vegna Covid-19. Búið var að fresta Matarhátíð Helga magra til 14.-16.ágúst amk. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu hyggst stjórn matarstígsins bíða eftir framhaldi sóttvarna og samkomutakmarkana sem í gildi eru til 13. ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.00.

kj